

## Fundur skólaráðs Hrafnagilsskóla

Mætt voru: Hrund, Dagmar, Adda Bára, Aldís Lilja, Auður, Margrét Ara, Gunnar Smári og Jóhann Ólafur.

Fundartími: 8. mars 2017.kl. 15:00 – 16:00

### Skóladagatal fyrir 2017-2018

Fundurinn samþykkir fyrstu drög að skóladagatali fyrir 2017 – 2018, með athugasemdum um að flytja starfsdag sem er 2. maí til 30. apríl og skoða hvort starfsdagar lendi nokkuð alltaf á sömu vikudögum.

### Skólastefna Eyjafjarðarsveitar

Rætt um uppsetningu textans, orðalag og tilgang skólastefnunnar. Hrund útskýrði tilgang stefnunnar og að samkvæmt lögum ætti hún að vera til. Jóhann benti á að uppfæra þurfi stefnuna reglulega og bæta inn í hana framtíðarsýn. Hrund sagði að við gerð stefnunnar hefði verið lagt upp með að tilgreina það sem er til staðar en ekki hvað verður í framtíðinni. Stefnan á ekki að vera háð því hverjir sitja í sveitarstjórn. Rætt um að koma þurfi fram í stefnunni hvenær hún verði endurskoðuð. Auður benti á að koma þurfi betur fram hver gildin eru, að þau komi oftast fram í stefnunni og séu beinagrindin. Einnig benti hún á að það er hvergi talað um líðan í stefnunni. Jóhann benti á að færa ráðningu fagfólks úr inngangi í kaflann Hlutverk Eyjafjarðarsveitar í skólastarfi og það vanti eitthvað um nýsköpun í skólastarfinu. Hrund punktaði inn á ljósrit af skólastefnunni orðalagsbreytingar og ýmsar tillögur. Hrund bað fundarmenn um að senda sér línu ef menn sjá eitthvað sem betur mætti fara og hefur ekki verið rætt á fundinum. Hrund sendir stefnuna aftur á fundarmenn þegar hún hefur gerð þær breytingar sem um hefur verið rætt.

### Skólareglur Hrafnagilsskóla

Hrund benti á að endurskoða þurfi skólareglurnar. Margt í þeim sem ekki á við í dag og að bæta þurfi inn í þær nýjum reglum. Rætt um hvort hægt sé að fá nemendur til að koma að vinnu við endurskoðunina. Hrund velti einnig upp hvaða leið væri best til að fá áhugasama foreldra til að vinna við endurskoðun skólareglanna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,

Dagmar Þ. Sævarsdóttir.